

REGLUGERÐ

um veiðar á úthafskarfa 1999.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á úthafskarfa á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi úr punkti 3 að mörkum fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Þá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrr en Fiskistofu hefur borist yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5.-8. gr. gilda um þessar veiðar.

3. gr.

Á árinu 1999 er þeim íslensku skipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr., heimilt að veiða samtals 45.000 lestir af úthafskarfa á svæði því sem skilgreint er í 1. gr. Af því heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki í úthafskarfa á grundvelli aflahlutdeildar þess í úthafskarfa.

4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

5. gr.

Í upphafi hvernar veiðiferðar skulu skipstjórar með skeyti eða símbréfi, tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðar hefjast á úthafskarfa. Þá skulu þeir einnig tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðum á úthafskarfa lýkur hverju sinni. Í þessum tilkynningum til Fiskistofu skal áætla magn og samsetningu afla um borð, m.v. afla úr sjó. Ennfremur skal tilkynna fyrirhugaðan löndunartíma og löndunarstað.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku m.v. afla úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags. Í tilkynningunni skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn innan fiskveiðilandhelgi Íslands og hve mikill hluti er fenginn utan. Einnig skal koma fram hve mikill afli er fenginn á 500 m dýpi eða grynnra, hve mikill á 500 - 600 m dýpi og hve mikill á 600 m dýpi eða meira.

Stundi skip veiðar skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, skal það koma fram í tilkynningum skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hvort aflinn eða hve mikill hluti hans er fenginn innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 3. gr.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 55% nýtingu, sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 28% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinlausum og 26% nýtingu sé honum landað flökuðum roðlausum og beinlausum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,70.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll: